

Fyrirspurn fulltrúa í listans í bæjarráði vegna byggingar Knattspyrnuhúss í Skutulsfirði

Nú er komið ár síðan *Nefnd umbyggingu fjölnota íþróttahúss*, lauk störfum. Síðan þá hefur eitthvað verið unnið að málinu, innan sem utan stjórnsýslunnar.

1. Hver er kosnaður bæjarsjóðs vegna þeirrar vinnu, til 1. Sept 2020?

Samkvæmt gögnum sem fylgja ósk um deiluskipulagsbreytingu á Torfnesi vegna byggingar knattspyrnuhúss, er lá fyrir Skipulags og Mannvirkjanefndarfundi þann 24. Sept, má ljóst vera að fulltrúar meirihlutans ásamt embættismönnum og starfsmönnum Verkís eru að hittast og funda um málið. Fulltrúar minnihlutans hafa ekki haft aðkomu að þessum vinnufundum, fram til þessa.

2. Stendur til að bjóða fulltrúum minnihlutans að sitja þessa fundi?
3. Á að kjósa nýja byggingarnefnd?
4. Hvernig er ákvarðanatöku háttað á þessum fundum?
5. Er skrifuð fundargerð?
6. Hver er áætlaður kosnaður bæjarins við verkkaup frá Verkís?
7. Hvaða tímalínu er verið að vinna eftir?

Í fyrirnefndum gögnum kemur fram að verið sé að kanna bankaábyrgð, greiðslufyrirkomulag og lesa yfir samning. Einnig er fjallað um hús frá Litháen allt að 12,3m á hæð, svo einhver hönnunargögn hljóta að liggja fyrir.

8. Minnihlutinn óskar eftir að fá öll þessi gögn.

Í minnisblaði Ríkiskaupa eftir útboðið í vetur kemur fram að þeir leggi til að farið verði yfir kostnaðaráætlun og kröfur á bjóðendum og heppilegast sé að bjóða verkið út að því loknu. Í sama streng tekur bæjarlögmaður og sviðstjóri Umhverfis og eignasviðs.

9. Fulltrúi minnihlutans óskar eftir að sjá nýja kostnaðaráætlun og þær kröfur sem liggja til grundvallar nýjum samningi, sem er í yfirlestri.
10. Hvaða rök liggja að baki þeirri ákvörðun að handvelja aðila í verkið og fara þannig á svig við ráðleggingar lærðra manna?
11. Hvers vegna var þessi aðili fyrir valinu, sem nú er verið að lesa yfir samning eins og fram kemur í gögnum frá Skipulags og mannvirkjanefnd?

Fyrir skipulags og mannvirkjanefnd liggur fyrir ósk um deiluskipulagsbreytingu á Torfnesi vegna fyrirhugaðrar byggingar knattspyrnuhúss frá Litháen. Ekki var eining innan Skipulagsnefndar um málið og ljóst samkvæmt skipulagslögum að ef vafi/efi leiki á því hvort um óverulegar breytingar á skipulagi er að ræða eða verulegar breytingar, skal breyting flokkuð sem veruleg. Bara það að óska þurfi eftir deiliskipulagsbreytingum vegna byggingarinnar gefur tilefni til þess að ætla að kröfur séu ekki lengur í samræmi við útboðsgögn og að handvelja einn aðila til verksins standist ekki lög um opinber innkaup.

12. Óttast meirihlutinn ekki að fá á sig kæru vegna brota á lögum um opinber innkaup?